

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vitalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Kærði, Valgarður trjesmiður Breiðfjörð, á að greiða 15 króna sekt til fátækra sjóðs Reykjavíkur kaupstaðar og að við lagðri 3 kr. daglegri sekt að taka þakið af byggingu þeirri, sem hann hefur reist áfast við vesturenda geymsluhúss síns. Svo ber honum og að greiða allan kostnað af máli þessu, bæði fyrir undir- og yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Þorsteins Jónssonar og Páls Melsteðs, 10 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 5. marzmán.

Nr. 21/1882

Landshöfðinginn
fyrir hönd landssjóðsins
gegn

Yfirdómara L. E. Sveinbjörnsson

Dómur:

Tildrög og atvik þessa máls eru þau, að 12. apríl 1878 var þá verandi bæjarfógeti í Reykjavík og sýslumaður í Gullbringu og Kjósarsýslu, L. E. Sveinbjörnsson, skipaður 2. assessor og dómsmálaritari í yfirdóminum, og tók hann við því embætti 1.

maí næst eptir með launum þeim, er því bera, en jafn framt var hann með landshöfðingjabrjefi 15. maí s. á. settur til að þjóna embættum þeim, er hann áður hafði haft, frá 1. maí til 6. júní, gegn því að njóta helmings af launum þeim, er bæjarfógetaembættinu þá voru lögð úr landssjóði, og annara embættistekna, sem embættum þessum voru lagðar. Samkvæmt þessu fjekk L. E. Sveinbjörnsson yfirdómari á tímabilinu frá 1. maí til 6. júní 1878 í laun: 1, öll laun þau, er lögð eru yfirdómaraembættinu; 2, hálf laun þau, sem lögð voru bæjarfógetaembættinu í Reykjavík úr landssjóði; 3, allar aukatekjur bæjarfógetaembættisins, 4, allar tekjur þær, er lagðar voru sýslumannsembættinu í Gullbringu og Kjósarsýslu. Eptir að búíð var að yfirskoda landsreikninginn fyrir 1878, úrskurðaði ráðgjafi konungs fyrir Ísland 22. júlí 1881, að Sveinbjörnsson yfirdómara, samkvæmt lögum um laun íslenzkra embættismanna o. fl. 15. október 1875, 4. gr. sbr. 3. gr., hefði fyrir áður nefnt tímabil, auk yfirdómaralaunanna, að eins borið helmingurinn af öllum þeim embættistekjum, sem lagðar voru bæjarfógetaembættinu í Reykjavík og sýslumannsembættinu í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og ætti hann því að borga aptur hinn helminginn af aukatekjum bæjarfógetadæmisins og sýslumannstekjunum, eins og þessar tekjur hefðu verið að meðaltali 5 síðustu árin, en þar frá skyldi þó draga meðaltal embættisútgjaldanna um sama tíma, og lagði ráðgjafinn svo fyrir, að ef Sveinbjörnsson færðist undan að greiða aptur þetta fje, skyldi halda því eptir af launum hans. Landshöfðinginn skoraði síðan á

Sveinbjörnsson að endurgjalda landssjóði nefnda upphæð, er taldist vera 164 kr. 45 a., og er hann færðist undan því, var henni haldið eptir af launum hans sem yfirdómara fyrir janúarmánuð 1882. Með því að Sveinbjörnsson ekki vildi una við þessi málalok, höfðaði hann, að fengnu leyfi til þess hjá ráðgjafanum, mál gegn landshöfðingja til þess fyrir hönd landssjóðsins að greiða sjer það, sem vanborgað var af launum hans fyrir nefndan mánuð með 5⁰/₀ árs vöxtum frá sáttakærudegi þangað til greitt yrði og málskostnað með 40 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. Landshöfðingi höfðaði aptur gagnsókn gegn Sveinbjörnsson og krafðist principaliter, að verða dæmdur sýkn af öllum kærnum og kröfum aðalstefnanda, en að aðalstefnandi væri dæmdur til að greiða gagnstefnanda 116 kr. 27 a., er helmingur af tekjum embætta þeirra, er hann hafði þjónað sem settur frá 1. maí til 6. júní 1878, hefði verið vantalinn um, með 5⁰/₀ árs vöxtum frá 27. apríl 1882, og subsidialiter, að verða sýknaður af öllum kærnum og kröfum aðalsækjanda, og hvort sem yrði ofaná, þá að aðalstefnandi yrði dæmdur til að greiða gagnstefnanda allan af málinu löglega leiðandi kostnað. Í máli þessu var kveðinn upp dómur á bæjarþingi Reykjavíkur 7. septbr. f. á. með þeim úrslitum, að gagnstefnandinn var dæmdur til fyrir hönd landssjóðsins að greiða aðalstefnanda 164 kr. 45 a. með 5⁰/₀ ársvöxtum frá sáttakærudegi, en aðalstefnandi dæmdur sýkn af öllum kærnum og kröfum gagnstefnanda í málinu, og aðalstefnanda þar að auki dæmdar 25 kr. í málskostnað úr landssjóði. Þessum dómi hefur landshöfðinginn skotið

til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 18. desbr. f. á., og haldið þar fram sömu aðal- og varakröfum sem fyrir undirdóminum, og þar að auki krafizt, að fá málskostnað fyrir yfirdómi endurgoldinn hjá stefnda, en hinn stefndi hefur krafizt, að bæjarþingsdómurinn væri staðfestur og sjer dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi frá áfrýjanda eptir mati yfirdómsins.

Í máli þessu er enginn ágreiningur milli málspartanna um, að hinum stefnda sjeu vangoldnar 164 kr. 45 a. í laun hans sem yfirdómara fyrir janúarmánuð 1882, en aðalágreiningurinn er um, hvort hinum stefnda beri að greiða aptur helminginn af hinum óvissu tekjum bæjarfógetaembættisins í Reykjavík og sýslumannsembættisins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, er hann hafði öll að launum sem settur á tímabilinu frá 1. maí til 6. júní 1878. Hinn stefndi byggir undanfærslu sína undan að greiða neitt aptur af tekjum þessum á því, að landshöfðingi hafi heitið sjer, þegar hann tókst á hendur að gegna opt nefndum embættum sem settur, að hann skyldi hafa að launum helming af launum bæjarfógetaembættisins úr landssjóði og allar aðrar tekjur embættanna óskertar, og að hann hafi tekið að sjer að gegna embættunum einmitt í því trausti, að hann mætti reiða sig á þetta loforð landshöfðingja. En af hálfu áfrýjanda, sbr. brjef hans til hins stefnda 3. septbr. 1881, er því haldið fram, að hinum stefnda ekki geti borið hærri laun fyrir þann tíma, sem hann var settur, en ákveðið er í 4. gr. launalaganna, og að ekki geti verið umtalsmál, eins og hjer stóð á, að neinn samningur um annað fyrirkomulag hafi verið gjörður, því það

verði hvorki álitíð, að slíkt hafi verið tilgangur landshöfðingja, nje að hann hafi haft vald til að víkja frá fyrirmælum laganna. — Yfirdómurinn verður samt eptir öllu því, sem fram er komið í málinu, að aðhyllast þá skoðun, að framannefnt landshöfðingjaþingbrjef 15. maí 1878 verði ekki skilið öðruvísi en svo, að landshöfðinginn í því hafi heitið hinum stefnda launakjörum þeim, sem hann krefst að fá að njóta, og að landshöfðinginn, með því að taka með berum orðum fram í brjefinu launakjör þessi, hafi viljað gefa honum skuldbindandi loforð af sinni hendi um, að haun skyldi verða þeirra aðnjótandi, og hlýtur þá þetta loforð landshöfðingja fyrst og fremst að innibinda fyrirheiti um, að leitað skyldi samþykkis fjárveitingarvaldsins, að því leyti sem loforð landshöfðinga fór útyfir ákvæði launalaganna; en þetta fyrirheiti er, að því sjeð verður, ekki enn uppfyllt af hans hálfu. Með því að landshöfðingi samkvæmt auglýsingu um verksvið hans 22. febr. 1875, 4. gr. hefur vald til að setja menn til að þjóna um tíma embættum, sem laus eru, hlýtur ennfremur hver sá, sem tekst á hendur slíka þjónustu, að mega reiða sig á, að hann fái að njóta þeirrar þóknunar fyrir þjónustu sína, sem landshöfðinginn heitir honum, og ef að þóknun þessi ekki er heimiluð í gildandi lögum, að þá sje leit að samþykkis fjárveitingarvaldsins til að greiða hana af hendi; en slíks samþykkis hefur, eins og áður er sagt, enn ekki verið leitað. Yfirdómurinn fær þannig ekki betur sjeð, en að loforð það, sem landshöfðingi þannig hafði gefið hinum stefnda, sje skuldbindandi gagnvart hinum stefnda, og að

landshöfðingi ekki geti krafizt, að hinn stefndi endurgjaldi neitt af launum þeim, er hann samkvæmt þessu loforði landshöfðingja hefur orðið aðnjótandi, að minnsta kosti ekki svo lengi sem fjárveitingarvaldið ekki hefur neitað um samþykki sitt.

Samkvæmt því, sem að framan er tekið fram, hlýtur yfirdómurinn að komast að sömu niðurstöðu í þessu máli sem undirdómarinn, að hinum stefnda beri úr landssjóði 164 kr. 45., sem honum er vangoldið upp í laun hans sem yfirdómara fyrir janúarmánuð 1882, með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi, en að hinn stefndi eigi að vera sýkn af öllum kærnum og kröfum áfrýjandans í málinu.

Eftir þessum úrslitum málsins og með sjerstöku tilliti til þess, að upphæð þeirri, sem mál þetta upphaflega er risið af, hefur verið haldið eptir af launum hins stefnda sem yfirdómara, svo að hann hefur neyðzt til að leita rjettar síns hjá dómstólunum til að fá þau útborguð, ber áfrýjandanum að endurgjalda hinum stefnda málskostnað fyrir báðum rjettum, er virðist hæfilega ákveðinn 40 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum stefnda, L. E. Sveinbjörnsson yfirdómara, ber úr landssjóði 164 kr. 45 a. með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi, og á hann að vera sýkn af öllum kærnum og kröfum áfrýjandans í þessu máli.

Málskostnað fyrir báðum rjettum ber áfrýjandanum að greiða hinum stefnda með 40 krónum.